


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÍSL212 Kennsluáætlun vorönn 2015	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Benedikt Bragason, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	BEB, KRÁ
----------------	---------------------------------------	---------------	----------

Áfangalýsing: Í áfanganum fá nemendur þjálfun í meðferð heimilda og heimildaleit og skrifa eina heimildaritgerð. Einnig verður norræn goðafræði lesin og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Auk þess verður fjallað um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga.

Markmið:

Að nemandi:

- geti beitt helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíð.
- læri að byggja upp og ganga frá heimildaritgerð.
- þekki helstu atriði í heimssögu norrænnar goðafræði.
- þekki helstu goð norrænna manna og hlutverk þeirra.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal (útg. 2012)

Íslensk málsaga eftir Sölva Sveinsson (útg. 2007)

Gylfaginning: Ýmsar útgáfur og svo Netið, t.d. netútgáfa Snerpu á <http://www.snerpa.is/net/snorri/gylf.htm>

Áætlun um yfirferð:


1. Iota Ritun og meðferð heimilda (2 vikur) 6.1.- 23.1.

Kynning á áfanga og námsefni. Rifjaðar verða upp aðferðir við meðferð og frágang heimilda og lögð drög að heimildaritgerð. *Handbók um ritun og frágang* bls. 67-107, 120-122. Ýmis verkefni unnin í tímum.

2. Iota Heimildaritgerð (5 vikur) 26.1.-27.2.

Heimildaritgerð um valin efni. Vinnan fer að langmestu leyti fram í tímum undir leiðsögn kennara og því brýnt að mæting sé góð. Nemendur fá þjálfun og leiðbeiningar í heimildaleit á bókasafni. *Handbók um ritun og frágang* bls.108-133.

Nemendur skila ritgerð í lok lotunnar og gildir hún 30%. Nemendur eru skyldugir að skila þessari ritgerð til að ljúka áfanganum. Nemendur vinna saman tveir og tveir.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	ÍSL212	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun vorönn 2015	

3. Iota Goðafræði (4 vikur) 2.3.-27.3.

Farið verður í helstu þætti norrænnar goðafræði og fjallað um helstu goð og vættir. *Gylfaginning* lesin (ýmsar útgáfur sem nemendur útvega sjálfir en vagn með nokkrum eintökum verður jafnan til taks í kennslustofu). Ýmis konar verkefni í lok lotunnar, skrifleg eða munnleg. **Verkefni gildir 10%. Verkefnaskil geta verið í alls kyns skapandi formi, t.d. myndasögur, veggspjöld, tónlist og fl.**

4. Iota Málsaga (4 vikur) 30.3.-30.4. Ath. páskafri kemur hér inn í þessa lotu

Farið verður yfir sögu íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál. *Íslensk málsaga* bls. 9-75, 82-85, 101-118, 126-137.

Í lok lotunnar er unnið verkefni sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Námsmat og vægi námsþátta:

2. Iota - Heimildaritgerð	30%
3. Iota - Verkefni úr goðafræði	10%
4. Iota – Verkefni úr málsögu	10%
Lokapróf (goðafræði og málsaga)	50%

Nemandi verður að tilkynna skrifstofu skólans ef hann getur ekki skilað verkefnum á tilsettum tíma vegna veikinda eða annarra forfalla. Að öðrum kosti fellur sá hluti námsmats niður.

Ath. Kennsluáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara.

Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils